

# Ú T B O Ð

## Loftræsing sundlaugarsalar Skólabraut 8



### Viðauki III – Viðauki á tilboðstíma

Fyrirspurnir og svör á tilboðstíma og skilatími tilboða.

### Fyrirspurnir og svör

#### Spurning 1:

„Í ljósi þeirra aðstæðna sem ríkja nú í samfélagi okkar óska ég hér með eftir að fá að bjóða loftræsisamstæður sem smíðaðar verða hérlendis. Ástæðan er m.a. sú að erfitt getur reynst að fá verð í búnað erlendis frá og að erfitt kunnist að verða að fá búnaðinn afhentan tímanlega. Allir íhlutir í samstæðunni verða CE merktir.  
Þá mæli ég með því að valin verði loftræsisamstæða með vökvavarma-endurvinnslu í stað krossvarmaskipta. Ástæðan er sú að í krossvarmaskipta samstæðum er mikil vatns þétting sem getur valdið vandræðum varðandi tæringu og fleira. Reynslan hefur sýnt að það reynist betur að nota vökvavarmanýtingu. Hér nefni ég sundlaugar hjá Reykjavíkurborg og Sundhöll Selfoss sem dæmi. Smíði á loftræsisamstæðum hérlendis hafa reynst vel og hafa ekki valdið vandamálum hingað til. „

#### Svar við spurningu 1:

Það er ekkert sem mælir gegn því að samstæðan verði smíðuð á Íslandi enda uppfylli heildarbúnaðurinn, þ.e. endanleg heildarsamstæða, kvöðina um CE merkingu heildarvörunnar og uppfylli aðrara tilgreindar kröfur til vörunnar í útboðsgögnum.

Atriðin sem fyrirspyrjandi bendir á voru meðal þeirra atriða sem hönnun byggir á og niðurstaðan var og verður áfram að varmaendurvinnsla samstæðu skuli vera framkvæmd um krossvarmaskipti.

## Spurning 2:

*„Þá óska ég eftir viðbrögðum við því hvort verði mögulega gengistryggt í ljósi efnahagsástands á Íslandi og í heiminum öllum.“*

## Svar við spurningu 2:

Heimilt verður að tengja tilboðsliði, númer 6.2.8.01 og 6.2.8.02, að hluta eða að fullu við skráningu Seðlabanka Íslands á miðgengi Evru.

Bjóðandi tilgreini skýrlega með innritun inn á safnblað tilboðs, við viðkomandi tilboðsliði, hvaða prósentu hlutfall tilboðsliðar, eigi að tengjast gengisskráningu Evru á opnunardegi. En tilgreint verð liðar skal skilast inn í Íslenskum krónum með virðisaukaskatti.

Uppgjör þess hluta sem bjóðandi velur að tengja við Evru mun taka breytingum miða við breytingar á miðgengi Evru hjá Seðlabanka Íslands.

## Skil á tilboðum

Afhendingu tilboða er seinkað um 30 mínútur, eða fram til kl. 14:00, 7. apríl, til samræmis við texta í útboðsauglýsingu.

Fyrir hönd Garðabæjar,  
S. Hjörtur Guðjónsson, Strendingi ehf.